163. fundur Byggðarráðs
Staðsetning: Húnabraut 5
4. nóvember 2026, kl. 15:00 - 18:10

Fundarstjóri:	Zophonías Ari Lárusson - aðalmaður
Ritari:	Dagný Rósa Úlfarsdóttir - ritari
Mætt til fundar:	Kolbrún Ágústa Guðnadóttir - aðalmaður Grímur Rúnar Lárusson - aðalmaður Jón Gíslason - áheyrnarfulltrúi Svavar Pálsson - sveitarstjóri

1. M26-09-566 - Sameining sýslumannsembætta - Staða starfsstöðvar á Blönduósi - svör frá sýslumanni

Svar frá Birnu Ágústsdóttur sýslumanni varðandi fyrirspurn um stöðu starfsstöðvar sýslumannsembættisins á Blönduósi.

Svar lagt fram til kynningar.

2. M26-09-563 - Birting tiltekinna stjórnsýslugagna á heimasíðu Húnabyggðar

Svar frá lögfræðingi Sambands íslenskra sveitarfélaga varðandi birtingu tiltekinna stjórnsýslugagna á heimasíðu sveitarfélagsins.

Svör frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga lögð fram til kynningar.

Formaður bar upp eftirfarandi tillögu frá Grími Rúnari Lárussyni:

Í ljósi svara frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga er gerð tillaga að ráðningarsamningur sveitarstjóra verði birtur opinberlega á vef sveitarfélagsins, að teknu tilliti til persónulegra auðkenna sem ekki varða starfskjörin sjálf, svo sem kennitölu, heimili og bankaupplýsingar.

Samþykkur tillögu er 1 (GRL) og á móti 2 (ZAL og KÁG). Tillagan er því felld.

ZAL og KÁG leggja fram eftirfarandi bókun:

Við teljum heppilegra að sveitarstjórn afgreiði þetta mál á næsta fundi sveitarstjórnar þann 10. nóvember næstkomandi.

3. M26-08-506 - Umsókn um skólavist utan lögheimilissveitarfélags

Umsókn um skólavist utan lögheimilissveitarfélags en afgreiðslu beiðnar var frestað í ágúst.

Bókun færð í trúnaðarbók.

4. M26-08-499 - Umsókn um námsvist utan lögheimilissveitarfélags

Umsókn um skólavist utan lögheimilissveitarfélags en afgreiðslu beiðnar var frestað í ágúst.

Bókun færð í trúnaðarbók.

5. M26-11-765 - Björgunarfélagið Blanda

Inn á fundinn komu Hjálmar Björn Guðmundsson og Sigurður Magnússon frá Björgunarfélaginu Blöndu.

Byggðarráð þakkar Hjálmari og Sigurði fyrir góða samantekt á starfi Björgunarfélagsins Blöndu.

7. M26-09-579 - Fjárhagsáætlun 2027

Inn á fundinn komu Erla Jónsdóttir formaður umhverfisnefndar og Sigmar Ingi Njálsson starfsmaður í fjármálateymi.

Byggðarráð þakkar Erlu fyrir góða kynningu og umræður um sorpmál og framtíðarsýn í umhverfismálum hjá sveitarfélaginu.

RAFRÆNT UNDIRRITAÐ
Grímur Rúnar Lárusson
Kt. 1301923439
Dags. 4.11.2026 18:28:06 UTC+0:00
Ástæða: Undirritun

RAFRÆNT UNDIRRITAÐ
Kolbrún Ágústa Guðnadóttir
Kt. 0704814809
Dags. 4.11.2026 20:21:21 UTC+0:00
Ástæða: Undirritun

RAFRÆNT UNDIRRITAÐ
Zophonías Ari Lárusson
Kt. 0110756069
Dags. 5.11.2026 08:42:50 UTC+0:00
Ástæða: Undirritun

RAFRÆNT UNDIRRITAÐ
Jón Gíslason
Kt. 2703593379
Dags. 5.11.2026 11:23:52 UTC+0:00
Ástæða: Undirritun